



Lyfjastofnun

Icelandic Medicines Agency


Mánaðarleg samantekt á lyfjaskorti

» Upplýsingarnar um lyf sem á einhverjum tímapunkti voru í skorti síðastliðin mánuð

Janúar, 2026




Fyrirvari lyfjaskortstilkynninga árið 2025



- » **Fyrirvari er mikilvægur** svo nægur tími sé fyrir lyfjafyrirtæki að útvega sambærilegt markaðssett lyf eða undanþágulyf.
- » **Markmið** Lyfjastofnunar fyrir árið 2025 var að í **50%** lyfjaskortstílfella yrði skortur tilkynntur með meira en viku fyrirvara. Markmið náðist þar sem að í **53% tilfella** var skortur tilkynntur með meira en 8 daga fyrirvara.
- » **Árið 2024** var lyfjaskortur tilkynntur með að lágmarki 8 daga fyrirvara í **41% tilfella** og **árið 2023** í **34% tilfella**.

Pörf á aðgerðum af hálfu lækna vegna lyfjaskorts, 2025

- › **Markmið Lyfjastofnunar 2025** var að hærra hlutfall skortstífla fari í lágan flokk og að í ekki meira en 30% tilvika þurfi læknir að breyta ávísun. Markmiðið náðist þar sem 30% lyfjaskortstilkynninga árið 2025 voru flokkaðir sem hátt (rauður litur).
- › Tilgangurinn með þessu markmiði var að auka skilvirkni, draga úr álagi á lækna og heilbrigðiskerfið og líkum á vandræðum fyrir lyfjanotendur. Skilvirkast er ef læknir getur ávísað lyfjum í skorti (lág áhættustigun) og lyfjafræðingar í apótekum geti breytt lyfjameðferð að því marki að hún haldist óbreytt eða nýtt heimild til útskipta í undanþágulyf.




Lyf í skorti í janúar 2026 - áhrif á lyfjanotendur

Í janúar voru 479 lyfjapakkingar í lyfjaskorti, á einhverjum tímapunkti:

- Í 93% tilvika gátu lyfjanotendur fengið sambærilega lyfjameðferð. Áhrif skorts voru því óveruleg á lyfjameðferðina.
- 3 lyfjapakkingar voru í skorti þar sem læknir þurfti að breyta lyfjameðferð í aðra álíka lyfjameðferð.
- 16 lyfjapakkingar voru í skorti þar sem ekkert sambærilegt lyf eða álíka lyfjameðferð var fáanleg.
- 13 lyf voru merkt sem sérpöntun/útboðslyf, um er að ræða lyf sem eru að jafnaði ekki til á lager, en heildsala mun panta ef þörf er á. Til dæmis útboðslyf sem eru ekki fyrsta val.

- » Upplýsingar og ráðleggingar eru birtar fyrir hvert lyf í skorti í [sérlyfjaskrá](#) og í vefþjónustu fyrir ávísanakerfi lækna.
- » Lyfjastofnun birtir lista yfir allan tilkynntan lyfjaskort á [vefsíðu](#) stofnunarinnar.



Nánar um skort sem leiðir til þess að læknir þurfti að **breyta lyfjameðferð** í aðra álíka meðferð

Heiti lyfs	ATC-flokkur	Upphafsdags. skorts	Fjöldi daga í fyrirvara	Áætluð lokadags. skorts	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Actrapid 100 alþjóðlegar einingar/ ml Stungulyf, lausn 10 ml	A10AB01	31.1.2026	7	19.2.2026	Lyfið er ætlað til meðferðar á sykursýki.	<ul style="list-style-type: none"> Lyfið er aðallega notað á sjúkrastofnunum. Helsta ástæða skortsins er aukin birgðasöfnun stofnanna.
Saxenda 6 mg/ml Stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna	A10BJ02	29.12.2025	-1	18.3.2026	Lyfið er notað til að stuðla að þyngdartapi.	<ul style="list-style-type: none"> Lyfið er til á stuttfirningalager með fyrninguna 28.2.2026. Önnur lyf með sambærilega ábendingu eru fánleg.
Neiratax 100 mg/100mg/1mg/20/mg/2ml	A11DB	03.11.2025	-4	óvíst	Meðferð við blóð- og taugafræðilegum einkennum af völdum viðvarandi skorts á B1-, B6- og B12-vítamínum hjá fullorðnum og börnum eldri en 12 ára.	<ul style="list-style-type: none"> Lyfið var fánlegt hjá Parlogis með knappri fyrningu 31.01.2026 Mjög lítil notkun á lyfinu

Ekkert sambærilegt lyf er/var fáanlegt


Heiti lyfs	ATC-flokkur	Upphafsdags-skorts	Áætluð lokadags-skorts	Fjöldi daga í fyrirvara	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Fampyra 10 mg Forðatafla 56 stk.	N07XX07	13.1.2026	1.2.2026	0	Fampyra er ætlað að bæta göngu fullorðinna sjúklinga með heila- og mænusigg með skerta gönguhæfni	<ul style="list-style-type: none"> Þetta vörunúmer fór af markaði 31.1.2026. Ný pakking Fampyra 10 mg 56 stk. með öðru vörunúmeri kom á markað 1.2.2026. Samheitalyf var fáanlegt til 28.1.2026 (sjá línur hér fyrir neðan). Því var eiginlegur skortur þar sem ekkert annað sambærilegt var fáanlegt einungis í nokkra daga (29.1 -31.1).
Fampyra (Lyfjaver) 10 mg Forðatafla 56 stk.	N07XX07	26.1.2026	1.5.2026	0	Fampyra er ætlað að bæta göngu fullorðinna sjúklinga með heila- og mænusigg með skerta gönguhæfni	<ul style="list-style-type: none"> Samheitalyf var fáanlegt til 28.1.2026. Því var eiginlegur skortur þar sem ekkert annað sambærilegt var fáanlegt einungis í nokkra daga.
Fampyra (Heilsa) 10 mg Forðatafla 56 stk.	N07XX07	29.1.2026	2.3.2026	0	Fampyra er ætlað að bæta göngu fullorðinna sjúklinga með heila- og mænusigg með skerta gönguhæfni	<ul style="list-style-type: none"> Samheitalyf var fáanlegt frá 1.2.2026. Því var eiginlegur skortur þar sem ekkert annað sambærilegt var fáanlegt einungis í nokkra daga.
REZOLSTA 800 mg/150 mg Filmuhúðuð tafla 30 stk.	J05AR14	16.1.2026	30.1.2026	-1	Lyfið er ætlað til samsettrar meðferðar með öðrum andretróvirulyfjum við HIV-1 veirusýkingu hjá fullorðnum og börnum	<ul style="list-style-type: none"> Mjög lítil sala á þessu lyfi eða 3 pakkar á sl. 6 mánuðum.
Aklief 50 míkrog/g Krem 75 g	D10AD06	6.1.2026	27.1.2026	0	Lyfið er ætlað til meðferðar við þrymlabólum á húð í andliti og/eða á bol hjá sjúklingum 12 ára og eldri, ef mikið er um fílapensla, bólgunabba og graftarbólur	<ul style="list-style-type: none"> Önnur markaðsett lyf við bólum voru fáanleg en ekki með sama virka innihaldsefni.
Metvix 160 mg/g Krem 2 g Túpa	L01XD03	5.1.2026	22.1.2026	4	Lyfið er ætlað til meðferð við m.a. hornhúðarbreytingum af völdum sólarljóss í andliti og hársverði eða við flöguþekjukrabbameini in situ þegar skurðaðgerð til að fjarlægja húðskemmdina þykir síður við hæfi. Metvix er ætlað fullorðnum, eldri en 18 ára.	<ul style="list-style-type: none"> Eingin sala hefur verið á þessu lyfi sl. 6 mánuði.

Ekkert sambærilegt lyf er/var fáanlegt, frh.

Heiti lyfs	ATC-flokkur	Upphafsdags-skorts	Áætluð lokadags-skorts	Fjöldi daga í fyrirvara	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Adartrel (Lyfjaver) 0,25 mg Filmuhúðuð tafla 12 stk.	N04BC04	5.1.2026	1.3.2026	0	Lyfið er ætlað til meðferðar gegn einkennum miðlungsmikillar eða alvarlegrar fótaóeirðar.	<ul style="list-style-type: none"> Vegna vandkvæða í flutningum var ekki hægt að fá lyfið með flugi. Von er á sendingu með öllum styrkleikum bráðlega.
Adartrel (Lyfjaver) 0,5 mg Filmuhúðuð tafla 84 stk.	N04BC04	10.12.2025	1.2.2026	0	Lyfið er ætlað til meðferðar gegn einkennum miðlungsmikillar eða alvarlegrar fótaóeirðar.	<ul style="list-style-type: none"> Vegna vandkvæða í flutningum var ekki hægt að fá lyfið með flugi. Von er á sendingu með öllum styrkleikum bráðlega.
Adartrel (Lyfjaver) 2 mg Filmuhúðuð tafla 28 stk	N04BC04	5.1.2026	1.3.2026	0	Lyfið er ætlað til meðferðar gegn einkennum miðlungsmikillar eða alvarlegrar fótaóeirðar.	<ul style="list-style-type: none"> Vegna vandkvæða í flutningum var ekki hægt að fá lyfið með flugi. Von er á sendingu með öllum styrkleikum bráðlega.
Ropinirole Alvogen 2 mg Forðatafla 84 stk.	N04BC04	22.1.2026	22.7.2026	13	Lyfið er ætlað til meðferðar á Parkinsons-sjúkdómi. Sem upphafsmeðferð er lyfið gefið eitt sér til að seinka þörf á að hefja levódópameðferð. Sem samsett meðferð ásamt levódópa á síðari stigum sjúkdómsins.	<ul style="list-style-type: none"> Alvogen er að vinna í því að útvega undanþágulyf.
Xerodent 28,6/0,25 mg Munnsogstafla 90 stk	A01AA30	22.10.2025	31.3.2026	37	Meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum hjá sjúklingum með munnþurrk.	<ul style="list-style-type: none"> Ýmsar aðrar vörur eru fáanlegar í apótekum við munnþurrki.


Lyfjastofnun barst lyfjaskortstilkynningar um fyrirsjáanlegan skort fyrir 5 önnur markaðssett lyf, þar sem ekkert annað sambærilegt úrræði var í boði. Í öllum 5 tilfellum tókst markaðsleyfishafa/umboðsaðila að koma í veg fyrir eiginlegan skort.

Fyrirvari lyfjaskortstilkynninga, janúar 2026



- » **Fyrirvari er mikilvægur** svo nægur tími sé fyrir lyfjafyrirtæki að útvega sambærilegt markaðssett lyf eða undanþágulyf. Þannig er hægt að koma í veg fyrir hugsanleg vandræði lyfjanotenda og aukna vinnu fyrir heilbrigðisstarfsfólk.
- » **59% af lyfjaskortstilkynningum** fyrir lyf sem voru í skorti í janúar bárust með meira en 8 daga fyrirvara sem endurspeglast í fjölda tilfella þar sem áhættuflokkunin er lág (sjá næstu glæru). Því í **76% tilfella** þurftu lækna ekki að breyta lyfjaávísun.

Fjöldi lyfjaskortstílfella þar sem breyta þurfti lyfjameðferð í janúar 2026



Litakóðun birtist í ávísanakerfi (Sögu) ásamt ráðleggingum:

- Lágt** Læknir getur ávísað markaðssetta lyfinu þrátt fyrir skort því hægt er að breyta lyfjaávísun í apóteki og lyfjameðferð helst óbreytt.
Dæmi: Önnur lyf eru í skiptiskrá, til er önnur pakkningastærð, annar styrkleiki eða útskipti í undanþágulyf eftir heimild Lyfjastofnunar
- Miðlungs** Mat læknis hvort hægt sé að ávísa markaðssetta lyfinu í skorti eða hvort ávísa þurfi öðru lyfi (val á milli lágt eða hátt).
- Hátt** Krefst ávallt aðgerða af hálfu læknis, ekki hægt að leysa málið í apóteki. Læknir þarf til dæmis að ávísa öðru markaðssettu lyfi, öðru lyfjaformi eða undanþágulyfi.

Heimild lyfjafræðinga til að breyta ávísun læknis í undanþágulyf

- » Lyfjastofnun getur **heimilað lyfjafræðingum í apótekum að breyta ávísun læknis úr markaðssettu lyfi í undanþágulyf skv. 52. gr. lyfjalaga 100/2020.**
 - › Úrræðið er einungis notað í sérstökum tilvikum að undangengnu öryggismati og þegar ljóst þykir að án aðgerða kæmi upp íþyngjandi staða fyrir lyfjanotendur og heilbrigðisstarfsfólk.

22

- Heimildir í gildi í janúar þar sem lyfjafræðingar í apótekum geta breytt lyfjaávísun læknis.
- Það sem af er ári hafa verið veittar heimildir fyrir 22 lyf, að baki þeim er fjöldi lyfjaávísana. Frekari upplýsingar í [sérlyfjaskrá](#).